

Hafnarfjörður 7. 3. 2019



Efni bréfs: Niðurfelling á fasteignagjöldum í Kaldárseli.

Til þess er málið varðar.

Í hrauninu við Kaldársel í uppsveitum Hafnarfjarðar starfrækir KFUM og KFUK sumarbúðir. Sumarbúðirnar sækja yfir 300 börn á sumrin og er mikill meirihluti þeirra úr Hafnarfirði. KFUM og KFUK eru ein öflugustu æskulýðssamtök landsins og hafa rekið öflugt barna- og unglíngastarf í Hafnarfirði óslitið frá árinu 1924, m.a. í Kaldárseli. Starfsemin er að langmestu leyti unnin af sjálfboðaliðum sem eru félagar í KFUM og KFUK og er ekki rekin í ágóðaskyni. Allar tekjur starfseminnar eru nýttar í rekstur húsnæðis eða í starfsemina sem er á staðnum, t.d. til kaupa á leiktækjum fyrir þátttakendur í Kaldárseli.

Kaldársel uppfyllir reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts og hefur ekki greitt fasteignaskatt af húsunum hingað til. Nú um áramótin breyttist skráningin hjá Hafnarfjarðarbæ. Var það vegna þess að Kaldársel sendi til bæjarins teikningar um breytingar innanhúss sem fyrirhugaðar eru á hluta hússins. Er þar verið að breyta herbergisskipan í húsinu með því að taka eitt 20 barna herbergi og setja í staðin nokkur 6 barna herbergi. Engin breyting er fyrirhuguð á starfseminni í kjölfarið á þessum framkvæmdum. Einungis er verið að auka öryggi þátttakenda, minnka fjölda barna í herbergjum og sinna nauðsynlegu viðhaldi.

Það er því ósk stjórnar Kaldársels að fasteignagjöld verði áfram felld niður, með sama hætti og hefur verið síðustu ár og áratugi.

Fyrir hönd stjórnar Kaldársels.

Arnór Heiðarsson